

Nd.

47. Frumvarp til laga

um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur til slysatryggðra manna eða skylduliðs þeirra samkv. 10. og 11. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, skulu á árinu 1940 hækka um sömu hundraðstölu og vísitala kauplagsnefndar hækkar um, sbr. lög nr. 10 frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, og lög um breytingar á þeim lögum frá 5. janúar 1940.

2. gr.

Lífeyrissjóði Íslands heimilast að greiða á árinu 1940 uppbót á ellilaun og örorkubætur samkv. 2. tölulið 80. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, er nemi sama hundraðshluta og vísitala kauplagsnefndar hækkar um, sbr. lög nr. 10 frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, og breytingar á þeim lögum frá 5. janúar 1940, enda greiði hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélög tilsvarendi uppbót af sinum hluta.

3. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóði Íslands fjárhæð þá, sem sjóðurinn greiðir samkvæmt 2. gr.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk félagsmálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um frv. og einstakar greinar þess. — Frumvarpinu fylgdu frá ráðherra eftirfarandi athugasemdir:

Vegna dýrtíðar þeirrar, sem orðið hefir af völdum styrjaldarinnar í Norðurálfu, er óhjákvæmilegt að hækka slysabætur, örorkubætur og ellilaun frá því, sem nú er. Virðist eðlilegast, að bætur þessar hækki um sömu hundraðstölu og vísitala kauplagsnefndar hækkar um, sbr. lög um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Til þess að standa straum af auknum útgjöldum vegna þessara ráðstafana, verður að hækka iðgjöld til slysatryggingarinnar, en þau eru ákveðin í reglugerð samkv. 12. gr. alþýðutryggingalaga, nr. 74/1937, en hinsvegar er svo ákveðið í 2. gr. og 3. gr. frumvarpsins, að ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög greiði uppbætarnar á ellilaun og örorkubætur.